



# Aðalfundur Leiknar (14. aðalfundur)

## haldinn 24 apríl 2018 kl. 14:00 - 15:00 á Hótel Stykkishólmi

Mættir voru á aðalfundinn aðilar frá eftirtöldum fræðsluaðilum.

Austurbrú: Guðrún Á. Jónsdóttir

Símei: Valgeir Magnússon, Helgi Þ. Svavarsson

Fræðslumiðstöð Vestfjarða: Elfa Hermannsdóttir

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi: Inga Dóra Halldórsdóttir, Guðrún Vala Elísdóttir

Endurmenntun Landbúnaðarháskólans: Guðrún Lárusdóttir

Viska- Vestmannaeyjum: Valgerður Guðjónsdóttir

Farskólinn á Norðurlandi vestra: Bryndís Þráinsdóttir

Fræðslunet Suðurlands: Eyjólfur Sturlaugsson

Fjölmennt: Helga Gísladóttir

Mímir: Anna Kristín Gunnarsdóttir

Þekkingarnet Þingeyinga: Óli Halldórsson

Guðrún Vala Elísdóttir, formaður Leiknar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Guðrún Vala stakk upp á Ingu Dóru Halldórsdóttur sem fundarstjóra og Helga Þ. Svavarssyni sem ritara og var hvorutveggja samþykkt. Að þessu loknu hófst dagskrá aðalfundarins.

1. Skýrsla stjórnar
2. Guðrún Vala, formaður Leiknar flutti skýrslu stjórnar
  - Helstu verkefni síðasta árs.
    - Ráðstefna Leiknar og Kvasis á Selfossi síðastliðið vor.
    - 6 fjarfræðsluerindi voru flutt á árinu.
      - Visible skills of adults
      - Hæfnisetur ferðaþjónustunnar
      - Inclusion of refugees through non formal education
      - Námskeið í upplýsingatækni í Tenerife, erindi frá Mími.
      - Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri
      - Fjórða iðnbyltingin.
    - Innra starf.

Haldnir voru 4 fundir á árinu auk samskipta í gegnum tölvupóst. Skype fundir voru 2 af fjórum fundum. Á póstlista félagsins eru 153 einstaklingar og í máli formans kom fram að mikilvægt er að reyna að ná betur til hópsins. Einnig vantar formlegt samtal við stjórnkerfið, t.d. hvað varðar aðkomu Leiknar að umræðum um fullorðinsfræðslu inni í mennta og menningarmálaráðuneyti.
    - Ný heimasíða.

Ný heimasíða var fór í loftið í október 2017, ásamt nýjum hýsingaraðila, Netvöktun. Í miðju flutningferlinu þá hrundu allar vefsíður fyrri vefhýsingaraðila, 1984, með þeim afleiðingum að síða leiknar lá alveg niðri um hríð auk þess sem eitthvað af gögnum hvarf af síðunni. Endurheimt efnisins hefur smám saman átt sér stað og vonir standa til þess að tjón verði hverfandi.
    - Samstarf innanlands

Guðrún Vala rakti helstu samstarfsverkefni innanlands. Má þar helst nefna málþing í tilefni af evrópsku starfmenntavikunni. Þar flutti formaður Leiknar erindi undir liðnum "Mikilvægi endurmenntunar/fullorðinsfræðslu"

- Alþjóðlegt samstarf og þróunarverkefni.

Formaður fór yfir helstu samstarfsaðila Leiknar á erlendum vettvangi og þróunarverkefni sem Leikn hefur komið að. Af samstarfsaðilum má helst nefna Nordic Baltic Network of National Adult Education), vinnuhópur innan European Association for the Education of Adults (EAEA) Hópurinn hittist tvisvar á ári annarsvegar á aðalfundi EAEA sem að þessu sinni fór fram í Girona á Spáni í júní 2017 og svo norrænn fundur sem haldin var í Svíþjóð í maí 2017.

Leikn tók þátt í þremur þróunarverkefnum á starfsárinu.

**GOAL** verkefnið sem leggur áherslu á að finna leiðir og þróua aðferðir sem nýtast til þess að ná til þeirra sem síst leita eftir ráðgjöf og hvernig best sé að sinna þeim. Þetta er Erasmums+ verkefni unnið með þátttakendum frá Hollandi, Tékklandi Slóveníu, Litháen, Tyrklandi og Belgíu. Heimasíða verkefnisins er (<https://adultguidance.eu>)

**VISKA (Visible Skills of Adults)** er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem ætlað er að skoða með hvaða hætti hægt er að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika þeirra að á að verða virkir þjóðfélagsþegnar. Hægt er að skoða verkenfið á heimasíðu þess (<http://viskaproject.eu>)

**Fullorðinsfræðsla, flóttamenn og virkni á vinnumarkaði** er verkefni sem hófst árið 2016 og lauk þá þessu starfsári. Markmiðið með þessu verkefni var að kortleggja aðferðir sem hvetja til virkni og þátttöku flóttafólks í námi og störfum. Hægt er að fá upplýsingar um verkefnið á heimasíðu þess (<http://www.denoffentlige.dk/danmark-er-darligst-i-skandinavien-til-integration-sverige-er-bedst>)

### 3. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins og bar saman áætlun og lokauppgjör. Reikningar voru undirritaðir af stjórn og kjörnum endurskoðendum, þeim Eyjólf Sturlaugssyni og Valgeiri Blöndal Magnússyni. Tekjur Leiknar á árinu 2017 voru kr. 965.000 (áætlun kr. 965.000) og gjöld kr. 1.422.260 (áætlun kr. 1.380.000). Tap var 463.248 en áætlun gerði ráð fyrir tapi upp á 415.000 kr. Eignir í árslok voru kr. 1.162.757. Gerð var grein fyrir ferðakostnaði vegna erlends samstarfs og kostnaðar vegna nýrrar heimasíðu og fundar og ráðstefnukostnaði. Skýrsla stjórnar miðast við skólaár en fjárhagsár miðast við almanaksár.

### 4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Engar athugasemdir voru um skýrslu stjórnar og reikna.

### 5. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld .

Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun Leiknar. Gert er ráð fyrir rekstrartapi upp á 290.000,- Kom fram tillaga um að halda árgjaldi óbreyttu 50.000 Ársreikningar samþykktir sem og árgjald.

### 6. Lagabreytingar.

Engar tillögur lágu fyrir um lagabreytingar.

### 7. Kosning formanns.

Guðrún Vala Elísdóttir frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands gaf kost á sér til formanns. Var hún samþykkt sem formaður með lófaklappi.

### 8. Kjör stjórnar.

Þuríður Sigurðardóttir gengur úr stjórn sökum veikinda. Ingibjörg Kristjánsdóttir, Framvegis kemur í stað þuríðar. Áfram sitja í aðalstjórn Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Mími, Guðrún Lárusdóttir frá Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands, Helgi Þorbjörn Svavarsson SÍMEY. Í varastjórn eru Helga Gísladóttir frá Fjölmennt og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri.

**9. Kosning skoðunarmanna reikninga.**

Skoðunarmenn Leiknar þeir Eyjólfur Sturlaugsson og Valgeir Blöndal Magnússon gefa báðir kost á sér áfram og voru þeir samþykktir með lófaklappi

**10. Önnur mál.**

Guðrún Vala kvað sér hljóðs og þakkaði að vera treyst fyrir því að stýra samtökunum eitt ár í viðbót. Jafnframt hvatti hún fundarmenn til að fylgjast með og vera virkir í að útvega efni á nýja heimasíðu.